

## Tilgangur

Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og að bera hana saman við aðrar afurðir.

## Afurð

## Stefnir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður hs.

ISIN: IS0000019610

Rekstrarfélag er Stefnir hf. kt. 700996-2479

Heimilisfang: Borgartún 19 - 105 Reykjavík - Ísland

Vefsíða: www.stefnir.is

Sími: +354 444 7400

Netfang: info@stefnir.is

Lykilupplýsingar þessar miðast við 30. júní 2023

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands ber ábyrgð á eftirliti með afurðinni í tengslum við lykilupplýsingaskjalið. Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálastofnun skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Félagið starfar á grundvelli starfsleyfa frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Auk þess tekur starfsleyfi rekstrarfélagsins til eignastýringar, fjárfestingaráðgjafar og vörslu og umslu hlutdeildarskírteina eða hluta sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Stefnir er dótturfélag Arion banka hf.

Þú ert við það að gera samning um afurð sem er ekki einföld og erfitt gæti verið að skilja.

## Hvers konar afurð er þetta?

## Tegund

Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Verðbréfasjóðir hafa takmarkaðri fjárfestingarheimildir en sérhæfðir sjóðir. Fjárfestingarheimildir sjóðsins koma fram undir fjárfestingarstefnuhluta útboðslýsingar hans. Kennitala sjóðsins er 630109-9810.

## Markmið

Markmið sjóðsins er að fjárfesta í óverðtryggðum skuldabréfum, vixlum og öðrum óverðtryggðum skuldaviðurkenningum í íslenskum krónum útgefnum af íslenska ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins.

Sjóðurinn starfar eftir fyrir fram ákveðinni fjárfestingastefnu og mun beina fjárfestingum sínum að þeim fjárfestingarkostum sem að mati rekstraraðila eru líklegastir til að skila sem bestri ávöxtun.

Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í óverðtryggðum ríkisskuldabréfum, ríkisvixlum og öðrum óverðtryggðum skuldabréfum með ábyrgð íslenska ríkisins (90-100%) og innlánnum fjármálafyrirtækja (0-10%).

Ávöxtun sjóðsins ræðst af hækkun eða lækkun á markaðsvirði eigna sjóðsins á fjárfestingartímanum, þ.e. það tímabil sem þú átt hlutdeildarskírteini í sjóðnum. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskírteini í sjóðnum alla virka viðskiptadaga undir venjulegum kringumstæðum og miðast þá viðskiptin við uppgjörstíma sjóðsins. Fjárfestum ber einnig að skilja að gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað og verða því að geta þolað verðsveiflur, þar sem skammtímasveiflur í ávöxtun geta verið talsverðar. Sjóðurinn hentar vel þeim sem vilja fjárfesta til lengri tíma, en gott er að miða við þrjú ár eða lengur.

## Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Sjóðurinn hentar einstaklingum, fyrirtækjum og stofnanafjárfestum sem vilja njóta ábyrgðar íslenska ríkisins á fjárfestingu sína en á sama tíma fjárfesta í óverðtryggðum ríkisskuldabréfum. Sjóðurinn er ætlaður almenningi sem og fagfjárfestum, s.s. lífeyrissjóðum og fyrirtækjum, sem velja sér fjárfestingakosti sem fela í sér sjóði um sameiginlega fjárfestingu í rekstri og umsjón fagaðila skv. lögum og eftirliti sem um slíkan sjóð gildir á hverjum tíma.

## Líftími

Sjóðurinn er opinn sjóður og engin lokadagsetning er til staðar fyrir sjóðinn. Hins vegar hefur framleiðandi afurðarinnar rétt á að slíta sjóðnum undir ákveðnum kringumstæðum, t.a.m. ef framleiðandi metur það hagstæðara fyrir hlutdeildarskírteinishafa að slíta sjóðnum eða sameina hann öðrum. Nánari upplýsingar má finna í 8. gr. Viðauka I í útboðslýsingu sjóðsins.

## Aðrar upplýsingar

Vörsluaðili: Arion banki hf.

Söluaðili: Arion banki hf.


Uppgjörsmýnt sjóðs: ISK.

Sjóðurinn var stofnaður 8. janúar 2009.

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður.

# Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

## Áhættuvísir



Áhættuvísirinn gengur út frá því að þú heldir afurðinni í 3 ár. Raunveruleg áhætta getur verið afar mismunandi ef innleyst er snemma og þá má búast við að fá minna til baka.

Samantekinn áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Hann sýnir hversu líklegt er að afurðin muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum eða vegna þess að við munum ekki geta greitt þér.

Þessi afurð hefur verið flokkuð sem 2 af 7 þ.e.a.s. lágur áhættuflokkur.

Þetta metur hugsanlegt tap af framtíðarárangri með lágu stigi, og vegna slakra markaðsaðstæðna er ekki líklegt að hafa áhrif á getu okkar til að greiða þér.

Áhættuþættir sem hafa áhrif á afurðina en áhættuvísirinn nær ekki yfir eru m.a. mótaðilaáhætta, rekstraráhætta og seljanleikaáhætta/lausafjáraáhætta. Aðrir áhættuþættir gætu verið til staðar. Þessi afurð felur ekki í sér vernd gegn framtíðarárangri markaðarins svo að þú gætir tapað allri fjárfestingu þinni.

Mótaðilaáhætta: Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna á sér stað.

Rekstraráhætta: Hættan á tapi sjóðs vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrar félagsins, eða vegna ytri atburða, þ.m.t. lagaleg og pólitísk áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

Seljanleikaáhætta/Lausafjáraáhætta: Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásætlanlegs tímaramma.

## Árangurssviðsmyndir

Fjárfesting 1.000.000 kr.

Sviðsmyndir

1 ár

1,5 ár

3 ár

(Ráðlagður fjárfestingartími)

**Álagssviðsmynd** Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar

934.717 kr

920.420 kr

888.675 kr

Meðalávöxtun á hverju ári

-6,5%

-5,4%

-3,9%

**Óhagstæð sviðsmynd** Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar

979.593 kr

981.139 kr

992.947 kr

Meðalávöxtun á hverju ári

-2,0%

-1,3%

-0,2%

**Hófleg sviðsmynd** Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar

1.022.847 kr

1.034.479 kr

1.070.173 kr

Meðalávöxtun á hverju ári

2,3%

2,3%

2,3%

**Hagstæð sviðsmynd** Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar

1.068.099 kr

1.090.807 kr

1.153.498 kr

Meðalávöxtun á hverju ári

6,8%

6,0%

4,9%

Þessi tafla sýnir féð sem þú gætir fengið til baka á næstu 3 árum samkvæmt sviðsmyndum, að því gefnu að þú fjárfestir 1.000.000 kr.

Sviðsmyndirnar varpa ljósi á hver árangur fjárfestingar þinnar gæti verið. Þú getur borið þær saman við sviðsmyndir annarra afurða.

Sviðsmyndirnar sem settar eru fram eru mat framtíðarárangurs sem byggður er á gögnum úr fortíðinni um hve mikið verðmæti þessarar fjárfestingar breytist en ekki nákvæmur mælikvarði. Það sem þú færð veltur á því hvernig markaðurinn starfar og hve lengi þú heldur fjárfestingunni/afurðinni.

Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður og hún tekur ekki tillit til aðstæðna þegar við getum ekki greitt þér.

Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa, en ekki endilega allan þann kostnað sem þú greiðir ráðgjafa þínum eða dreifingaraðila. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar sem getur einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

## Hvað gerist ef Stefni hf. getur ekki greitt út?

Ef Stefni hf. getur ekki greitt út gætir þú orðið fyrir fjárhagslegu tapi. Fjárfestingar viðskiptavinar í sjóðum Stefnis njóta almennt ekki tryggingarverndar samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Vörsluaðili sjóðsins (Arion banki hf.) heldur eignum sjóðsins aðskildum frá eignum Stefnis hf. Í versta falli gætir þú tapað allri fjárfestingu þinni. Stefni hvetur viðskiptavini að kynna sér almenna fyrirvara félagsins.

## Hver er kostnaðurinn?

Lækkun á ávöxtun (RIY) sýnir hvaða áhrif heildarkostnaður sem þú greiðir muni hafa á ávöxtun sem þú kannt að fá af fjárfestingunni. Í heildarkostnaði er tekið tillit til staks kostnaðar, viðvarandi kostnaðar og aukakostnaðar.

Fjárhæðirnar sem eru sýndar hér eru uppsafnaður kostnaður afurðarinnar sjálftrar yfir mismunandi fjárfestingartímabil. Í þeim felast hugsanleg viðurlög vegna snemmbærrar útgöngu. Tölurnar gera ráð fyrir að þú fjárfestir 1.000.000 kr. Tölurnar eru áætlaðar og þær geta breyst í framtíðinni.

### Kostnaður yfir tíma

Aðilinn sem selur eða veitir ráðgjöf um þessa afurð kann að innheimta gjald vegna annars kostnaðar. Ef svo er, mun aðili þessi veita þér upplýsingar um þennan kostnað og sýna þér hvaða áhrif allur kostnaður mun hafa á fjárfestingu þína yfir tíma.

Fjárfesting: 1.000.000 kr.

Sviðsmyndir

Ef þú selur eftir

Ef þú selur eftir

Ef þú selur eftir

1 ár

1,5 ár

3 ár

Heildarkostnaður

21.579 kr

27.616 kr

46.757 kr

Áhrif á ávöxtun á ári (RIY)

2,16%

1,84%

1,56%

### Samsetning kostnaðar

Taflan hér að neðan sýnir:

- árleg áhrif af mismunandi tegundum kostnaðar við ávöxtun fjárfestingar sem þú gætir þurft að greiða í lok ráðlagðs fjárfestingartíma.
- merking mismunandi kostnaðarflokka.

Tafla þessi sýnir áhrifin á hagnaðinn á hverju ári

| Stakur kostnaður     | Inngöngukostnaður             | 1,00% | Áhrif kostnaðar sem þú greiðir við upphaf fjárfestingar. Þetta er það mesta sem þú greiðir og þú gætir greitt minna. Þetta felur í sér kostnað við dreifingu á afurð þinni (gengismunur/söluþóknun). |
|----------------------|-------------------------------|-------|--|
|                      | Útgöngukostnaður              | 0,00% | Við innheimtum ekki útgöngukostnað.  |
| Viðvarandi kostnaður | Viðskiptakostnaður eignasafns | 0,04% | Áhrif kostnaðar okkar við að kaupa og selja undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina.   |
|                      | Annar viðvarandi kostnaður    | 1,08% | Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir að stýra fjárfestingum þínum. Þetta er byggt á rauntölum síðasta rekstrarárs.  |
| Aukakostnaður        | Árangurstengdar þóknarir      | 0,00% | Við innheimtum ekki árangurstengda þóknun.   |
|                      | Hlutdeild í hagnaði           | 0,00% | Við innheimtum ekki hlutdeild í hagnaði.   |

## Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

### Ráðlagður fjárfestingartími: 3 ár

Þú ættir að gera ráð fyrir að halda fjárfestingu þinni í 3 ár. Hægt er að innleysa hlutdeildarskírteini að kröfu eiganda án kostnaðar en söluaðila sjóðsins er heimilt að innheimta afgreiðslugjald. Frekari upplýsingar um samsetningu kostnaðar má finna í töflunni hér fyrir ofan undir kaflanum Samsetning kostnaðar. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskírteini alla virka daga. Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta kl. 14:30 eru afgreiddar að tveimur virkum dögum liðnum. Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta eru afgreiddar að þremur virkum dögum liðnum. Í undantekningartilvikum gæti innlausnum verið frestað.

## Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun til Stefnis skriflega á tölvupóstfangið kvortun@stefnir.is. Tiltaka skal ástæður kvörtunar og lýsa í meginatriðum því sem kvartað er yfir. Einnig er hægt að bera fram kvörtun í síma +354 444 7400 eða með bréfpósti í heimilsfangið Borgartún 19, 105 Reykjavík, Ísland. Nánari upplýsingar um meðhöndlun kvartana er hægt að nálgast á vefsíðu Stefnis.

## Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Útgáfulýsingu sjóðsins, nýjustu útgáfu lykilypplýsingablaðs ásamt upplýsingum um ávöxtun má nálgast á [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is).